

## **57. fundur**

Atvinnumálanefndar Stykkishólms var haldinn í Ráðhúsinu í Stykkishólmi, 3. febrúar 2003, kl. 20:00.

*Mætt voru:* Magnús Bæringsson, formaður, Björgvin Guðmundsson, Þorsteinn Sigurðsson, Sæþór Þorbergsson og Sigríður Elisdóttir, sem ritaði fundinn.

Formaður setti fundinn kl. 20:20.

### **Dagskrá:**

#### **1. Stefnunótun í atvinnumálum fyrir Stykkishólmsbæ**

Magnús lagði fram hugmyndir fyrir fund atvinnumálanefndar Stykkishólms um stefnumörkun í atvinnumálum bæjarins. Hugmyndirnar voru ræddar og hvernig best væri að vinna að þess konar stefnumörkun. Ákveðið var að leita upplýsinga og hugmynda víðar og hefja stefnumótunavinnuna af fullum krafti.

Þá var ákveðið að nefndarmenn heimsæki fyrirtæki í bænum og kynni sér stöðu mála og framtíðarsýn hjá forsvarsmönnum þeirra, ásamt því að bjóða fram aðstoð.

#### **2. Rannsóknir á hörpuskel á yfirstandandi vertíð**

Rædd var nauðsyn þess að nákvæmar rannsóknir verði gerðar á ástandi hörpudisks og öðrum þáttum þar að lútandi í Breiðafirði. Nefndarmenn voru sammála um að nauðsynlegt væri að ráða sjávarlíffræðing t.d. til Náttúrustofu Vesturlands í samvinnu við Hafrannsóknastofnun, sem sinni eingöngu rannsóknum á hörpuskelinni, ástandinu í Breiðafirði og öðrum tengdum þáttum. Þá mætti ráða annan starfsmann til að kanna nýtingu á öðrum botnfisktegundum (s.s. öðuskel, ígulkerjum, kuðungi, krabbadýrum ofl.)

#### **3. Framboð á atvinnuhúsnæði og þörf á húsnæði til framtíðar.**

Rætt var framboð á atvinnuhúsnæði í eigu Stykkishólmsbæjar. Fram kom að ekki væri um auðugan garð að gresja í þeim málum. Þá kom fram að eitthvert framboð væri á atvinnuhúsnæði til leigu eða sölu, en ljóst sé að þörf er á húsnæði til framtíðar.

#### **4. Niðurgreiðsla Stykkishólmsbæjar á húsnæði félagasamtaka.**

Fram kom að Stykkishólmsbær er að niðurgreiða töluvert af húsnæði á vegum félagasamtaka. Rætt var hvort hugsanlegt væri að sameina húsakost félaganna að einhverju leyti, þar sem núverandi fyrirkomulag er mjög fjárfrekt og hugsanlega geti hluti af þessu húsnæði nýst undir atvinnustarfsemi.

#### **5. Kynning á hugmyndum um framtíðarnotkun Egilshúss.**

Magnús lagði fram teikningar af Egilshúsi og kynnti hugmyndir undirbúningsnefndar um framtíðarnotkun Egilshúss. Nefndarmönnum leist vel á hugmyndina.

**Fundargerðin var lesin upp og samþykkt.**

**Næsti fundur ákveðinn 10. febrúar nk. kl. 20:00.**

**Fundi slitið kl. 22:25.**